

FÉLAGSDÓMUR

Úrskurður miðvikudaginn 10. júní 2026.

Mál nr. 4/2026:

Kennarasamband Íslands

(Gísli G. Hall lögmaður)

gegn

Sambandi íslenskra sveitarfélaga

(Óskar Sigurðsson lögmaður)

Lykilorð

Frávísunarkröfu hafnað. Kjarasamningur.

Útdráttur

Frávísunarkrafa stefnda var annars vegar reist á því að sakarefnið heyrði ekki undir Félagsdóm og hins vegar að kröfugerð stefnanda væri ekki dómtek og fullnægði ekki áskilnaði 25. gr. laga nr. 91/1991. Félagsdómur komst að þeirri niðurstöðu að krafa stefnanda styddist samkvæmt stefnu málsins við þau rök að tilgreind ákvæði kjarasamningsins settu stjórnunarrétti vinnuveitandans skordur og var því litið svo á að sakarefni málsins heyrði undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986. Þá væri unnt að leggja dóm á viðurkenningarkröfu stefnanda, enda teldist hún nægilega skýr að efni til, auk þess sem að kröfugerðin væri sett fram vegna ágreinings um réttarstöðu félagsmanns í stefnanda, en bæði félagsmaðurinn og stefnandi hefðu lögvarða hagsmuni af úrlausn sakarefnisins. Var frávísunarkröfu stefnda því hafnað.

Úrskurður Félagsdóms

Mál þetta var tekið til úrskurðar 2. júní 2026.

Málið úrskurða Ásmundur Helgason, Björn L. Bergsson, Lárentsínus Kristjánsson, Karl Ó. Karlsson og Stefán Ólafsson.

Stefnandi er Kennarasamband Íslands, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Stefndi er Samband íslenskra sveitarfélaga, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

- Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að Sveitarfélaginu Árborg hafi verið óheimilt, er það réði A, kt. [...], grunnskólakennara, í starf náms- og starfsráðgjafa við Stekkjaskóla á Selfossi frá og með 1. ágúst 2023, að gera við hana tvo ráðningarsamninga, annan um starf náms- og starfsráðgjafa í 50% starfshlutfalli og hinn um grunnskólakennarastarf í 50% starfshlutfalli. Hið sama gildi um breytingu á ráðningarsamningunum frá og með 1. janúar 2024 á þann veg að hún yrði í starfi

náms- og starfsráðgjafa í 80% starfshlutfalli en í starfi grunnskólakennara í 20% starfshlutfalli.

- 2 Stefnandi krefst þess enn fremur að viðurkennt verði að sveitarfélaginu Árborg sé skylt að greiða áðurnefndri A laun samkvæmt starfaheitinu „Náms- og starfsráðgjafi 2 (lfl. 238)“ í gr. 1.3.1 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara miðað við 100% starfshlutfall.
- 3 Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati Félagsdóms og að við ákvörðun málskostnaðar verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda

- 4 Stefndi krefst þess aðallega að kröfum stefnanda verði vísað frá Félagsdómi, en til vara að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi þess í báðum tilvikum að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms.

Málavextir

- 5 A var 25. maí 2023 ráðin í 50% starf sem náms- starfsráðgjafi í Stekkjarskóla í sveitarfélaginu Árborg, en starfið hafði verið auglýst laust til umsóknar 10. mars 2023. A, sem er menntuð bæði sem náms- og starfsráðgjafi og grunnskólakennari, var í kjölfarið boðið 50% kennslustarf samhliða fyrrgreindu starfi og var 27. júní 2023 gerður við hana annar ráðningarsamningur um 50% starf sem grunnskólakennari.
- 6 Í ráðningarsamningi við A um 50% starf grunnskólakennara kemur fram að henni sé grunnraðað í launaflokk 233 í kjarasamningi aðila sem vegna hækkana á persónulegum þáttum leiddu til röðunar í launaflokk 240-5. Í ráðningarsamningi hennar um 50% starf sem náms- og starfsráðgjafi 2 var henni grunnraðað í launflokk 238 samkvæmt sama kjarasamningi sem hækkaði í launaflokk 245-5 á grunni persónulegra þátta.
- 7 Í málinu liggja fyrir tölvupóstsamskipti milli formanns Félags grunnskólakennara, skólastjóra Stekkjarskóla og sérfræðings á kjarasviði stefnda frá september til nóvember 2023 þar sem fjallað var um hvort framangreint ráðningarfyrikomulag stæðist ákvæði gildandi kjarasamnings aðila. Í tölvupósti 22. nóvember 2023 lýsti formaður Félags grunnskólakennara þeirri afstöðu félagsins að þessi tilhögun færi gegn kjarasamningnum og vísaði í því sambandi til greina 1.3.1 og 14.3.1, enda bæri að gera einn ráðningarsamning „vegna sama kjarasamnings við hvern starfsmann.“
- 8 Breytingar voru gerðar á störfum A 19. júní 2024, þannig að starfshlutfall hennar sem náms- og starfsráðgjafi var hækkað í 80% en starfshlutfall grunnskólakennara lækkað í 20%.

- 9 Með bréfi 14. júní 2024 gerði formaður Félags grunnskólakennara kröfu um greiðslu vangreiddra launa A. Var byggt á því að framangreint ráðningarsamband samrýmdist ekki ákvæðum kjarasamnings. Sveitarfélagið Árborg hafnaði kröfunni með bréfi 12. júlí 2024.
- 10 Ágreiningurinn var tekinn fyrir á 124. fundi samstarfsnefndar málsaðila 1. júlí 2025 en ekki náðist samstaða um málið.

Málsástæður og lagarök stefnanda

- 11 Stefnandi kveðst byggja á því að málið eigi undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.
- 12 Fyrri dómkrafa stefnanda lúti að því að fá viðurkennt með dómi að Árborg hafi verið óheimilt að ráða A sem náms- og starfsráðgjafa og gera við hana tvo ráðningarsamninga, eins og kennsluhluti starfsins hafi verið annað starf, og A meðhöndluð eins og tveir mismunandi starfsmenn í tveimur aðskildum hlutastörfum.
- 13 Í grein 14.3.1 í kjarasamningi aðila, með gildistíma frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024, sem hafi verið framlengdur til 31. mars 2028 með samþykkt innanhústillögu ríkissáttasemjara 25. febrúar 2025, komi fram að gera eigi skriflegan ráðningarsamning við starfsmann í upphafi ráðningar. Að auki komi fram í skýringu að starfsheiti kennara í ráðningarsamningi sé grunnskólakennari, en grunnlaunaflokkur geti verið breytilegur frá einum tíma til annars í samræmi við starfaskilgreiningu viðkomandi hverju sinni, sbr. gr. 1.3.1. Starfaskilgreining skuli ákveðin fyrir upphaf hvers skólaárs með sérstökum vinnuskýrslum.
- 14 Samkvæmt grein 1.3 beri að raða grunnskólakennurum í launaflokka samkvæmt starfsheitum eins og skilgreint sé í ákvæðinu. Í grein 1.3.1 séu starfsheiti skilgreind og hljóði starfsheiti sem hér reyni á svo:

Grunnskólakennari (lfl. 233)

Hefur réttindi og sinnir störfum grunnskólakennara í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá.

Náms- og starfsráðgjafi 1 (lfl. 236)

Uppfyllir skilyrði sem náms- og starfsráðgjafi skv. skilgreiningu laga nr. 35/2009 og er náms- og starfsráðgjafi í 25-49% starfi.

Náms- og starfsráðgjafi 2 (lfl. 238)

Uppfyllir skilyrði sem náms- og starfsráðgjafi skv. skilgreiningu laga nr. 35/2009 og er náms- og starfsráðgjafi í hálfu starfi eða meira.

- 15 Stefnandi byggir á því að samkvæmt ákvæðinu beri að flokka starfsmenn sem náms- og starfsráðgjafa 2 ef þeir sinna því starfi í hálfu starfi eða meira og greiða þeim sem slíkum. Starfsmaður sem ráðinn sé sem náms- og starfsráðgjafi 2 geti auk verkefna sinna sem náms- og starfsráðgjafi, verið með 0-50% kennsluskyldu. Það sama gildi um verkefnastjóra í grunnskólum en kennsluskylda lækki hlutfallslega miðað við

ráðningarhlutfall verkefnisstjóra samkvæmt fylgiskjali 4 við kjarasamning. Aðrir starfsmenn grunnskóla, sem geti verið með kennsluskyldu, séu skólastjórar, aðstoðar-skólastjórar og deildarstjórar, en þeir taki laun samkvæmt kjarasamningi stefnanda vegna Skólastjórafélags Íslands og stefnda. Þessi starfsmenn eigi það sammerkt að vera almennt ekki ráðnir í tvö störf með tveimur mismunandi ráðningarsamningum, heldur sé gerður einn ráðningarsamningur um starf viðkomandi. Svo sé það fyrirkomulagsatriði, sem vinnuveitandi eigi ákvörðunarvald um hverju sinni (stjórnunarréttur) hvert sé hlutfall kennslu á móti viðkomandi stjórnunar- eða sérsviðshlutverki, eins og grein 14.3.1 og ákvæðið í fylgiskjali 4 geri ráð fyrir, sbr. einnig niðurstöðu í fundargerð samstarfsnefndar nr. 49.

- 16 Ástæða þess að starfsheitið og launaflokkurinn „Náms- og starfsráðgjafi 2 (lfl. 238)“ hafi fengið stað í kjarasamningi, hafi verið til þess að endurspegla að í starfinu felist að verulegu leyti önnur sérhæfð störf heldur en kennsla, sem sérstök réttindi þurfi til. Ekki hefði verið nein þörf á tveimur starfsheitum með mismunandi launaflokkum náms- og starfsráðgjafa ef hugsunin hefði verið að ráðinn yrði einn og sami starfsmaðurinn í tvö hlutastörf með tveimur ráðningarsamningum.
- 17 Stefnandi bendi á að samkvæmt a-lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastörfum teljist starfsmaður vera í hlutastarfi „ef venjulegur vinnutími hans á viku eða að meðaltali miðað við heilt ár er styttri en sambærilegs starfsmanns í fullu starfi“. A sé með vinnutíma eins og hver annar starfsmaður í fullu starfi. Stefnandi vísi einnig til 4. gr. laganna. Þar segi að starfsmenn í hlutastörfum skuli ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi af þeirri ástæðu einni að þeir séu ekki í fullu starfi, nema slíkt sé á grundvelli hlutlægra ástæðna. Ef starfsheitin „náms- og starfsráðgjafi 1“ og „náms- og starfsráðgjafi 2“ væru hugsuð þannig að launaflokkur væri mismunandi eftir starfshlutfalli (túlkun stefnda), þá væri það að mati stefnanda brot gegn 4. gr. og jafnræðisreglunni sem í henni felist, það er að segja að greidd væru mismunandi laun fyrir sömu störf eftir starfshlutfalli. Miðað við túlkun stefnda ætti þá að mati stefnanda allt eins að búa til nokkra launaflokka grunnskólakennara miðað við mismunandi starfshlutföll.
- 18 Með vísan til framangreinds kveðst stefnandi byggja á því að náms- og starfsráðgjafar geti haft kennsluskyldu á sama hátt og verkefnastjórar, skólastjórar, aðstoðar-skólastjórar og deildarstjórar. Grunnskólakennari raðist í grunnlaunaflokk 233. Náms- og starfsráðgjafi grunnlaunaraðist annað hvort í launaflokk 236 eða launaflokk 238, eftir því hversu hátt hlutfall starfsins feli í sér náms- og starfsráðgjöf. Sinni sami einstaklingur hvoru tveggja náms- og starfsráðgjöf og kennslu eigi því ekki að raða viðkomandi í tvö hlutastörf, heldur grunnraðist einstaklingurinn sem náms- og starfsráðgjafi 1 eða 2, eftir því hversu stór hluti starfsins sé náms- og starfsráðgjöf.
- 19 Stefnandi vísar til orðanna hljóðan viðkomandi ákvæða, samræmisskýringar og þess sjónarmiðs að túlka beri kjarasamningsákvæði á þann hátt að samrýmist

ófrávíkjanlegum lagaákvæðum, í þessu tilviki ákvæðum laga nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastörfum.

- 20 Auk alls framangreinds kveðst stefnandi byggja á því að ráðningarháttur Árborgar, sem hér sé til umfjöllunar, sé nýr af nálinni og fari gegn áratuga framkvæmd, að minnsta kosti hafi ekki rekið á fjörur stefnanda hingað til nein sambærileg tilvik.
- 21 Stefnandi vísar enn fremur til 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, en þar komi fram sú meginregla að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semji um, skuli vera lágmarkskjör. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveði skuli ógildir. Ráðningarháttur Árborgar, það er að gera tvo ráðningarsamninga við sömu manneskjuna um tvö mismunandi hlutastörf, feli í sér að hún fái greidd laun að hluta samkvæmt lægri launaflokki en kveðið sé á um í kjarasamningi. Að þessu leyti sé ráðningarsamningur A um starf grunnskólakennara ógildur að mati stefnanda.
- 22 Stefnandi kveður seinni dómkröfu sína lúta að því að fá viðurkennt með dómi að Árborg sé skylt að greiða A laun samkvæmt skilgreiningunni „Náms- og starfsráðgjafi 2 (lfl. 238)“ í grein 1.3.1 í kjarasamningi miðað við fullt starf.
- 23 Krafa sé byggð á ákvæðum greinar 1.3.1. Þar segi að starfsmenn sem uppfylli skilyrði sem náms- og starfsráðgjafi samkvæmt skilgreiningu laga nr. 35/2009 og séu náms- og starfsráðgjafar í hálfu starfi og meira, falli undir starfsheiti og launaflokkinn „Náms- og starfsráðgjafi 2 (lfl. 238)“. A hafi byrjað í hálfu starfi sem náms- og starfsráðgjafi 2 við ráðningu í ágúst 2023 samkvæmt ráðningarsamningi og sé nú í 80% starfshlutfalli sem námsráðgjafi. Ljóst sé að mati stefnanda að starf hennar falli undir framangreint starfsheiti og launaflokk.
- 24 Stefnandi kveður málsástæður sínar til stuðnings kröfu í 1. tölulið eiga jafnframt við um kröfu í 2. tölulið. Um sambærilegan hátt á kröfugerð vísar stefnandi til dóma Félagsdóms nr. F-2/2015 og F-29/2015.
- 25 Um málskostnaðarkröfu sína kveðst stefnandi vísa til 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og eignist því ekki frádráttarrétt við greiðslu virðisaukaskatti af aðkeyptri lögmannsþjónustu.

Málsástæður og lagarök stefnda

- 26 Stefnandi kveðst byggja frávísunarkröfu sína í fyrsta lagi á því að ágreiningsmál þetta heyri ekki undir lögsögu Félagsdóms. Að mati stefnda lúti ágreiningur málsaðila í reynd ekki að túlkun kjarasamninga, heldur sé í eðli sínu um að ræða ágreining milli starfsmanns og vinnuveitanda um ákvörðun launa og ráðningarfyrikomulag.
- 27 Óumdeilt sé að starfsmaðurinn starfi fyrir stefnda samkvæmt tveimur ráðningarsamningum og falli í grunnlaunaflokk 238 vegna starfa sinna sem náms- og starfsráðgjafi, og í grunnlaunaflokk 233 vegna kennslustarfa sinna. Ágreiningur um

lögmati ráðningarfyrirkomulags starfsmannsins, það er hvort tilteknum vinnustað sé heimilt að ráða starfsmanninn í tvö störf eða hvort ákvörðun starfskjara hennar brjóti með einhverjum hætti gegn ákvæðum laga nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastörfum, teljist hins vegar ekki til ágreinings um skilning kjarasamnings samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, enda sé hvergi tekið á slíku í kjarasamningi stefnanda og stefnda; ekki hafi verið samið um slíkt sérstaklega. Gildi einu í framangreindu samhengi þótt málinu hafi verið vísað til samstarfsnefndar.

- 28 Í öðru lagi bendir stefndi á að réttaráhrif þess að fallist sé á 1. tölulið dómkröfu stefnanda séu óljós, enda feli viðurkenningardómur um ætlað ólögmati ráðningarfyrirkomulagsins, og jafnframt síðari breytingu á starfshlutfalli starfsmannsins samkvæmt ráðningarsamningunum tveimur, ekki í sér dóm um skyldu Sveitarfélagsins Árborgar til að gera einn ráðningarsamning sama efnis við starfsmanninn. Slík niðurstaða verði ekki heldur leidd af 2. tölulið dómkröfu stefnanda, sem sé eðli málsins samkvæmt háð þeirri forsendu að viðkomandi starfsmaður sé samanlagt í fullu starfi hjá Sveitarfélaginu Árborg. Að þessu virtu fái stefndi ekki séð að kröfur stefnanda séu dómtækar eða að þær fullnægi kröfum 25. gr. laga nr. 91/1991 að öðru leyti og beri því að mati stefnda einnig að vísa þeim frá sjálfstætt af þeim sökum.

Niðurstaða

- 29 Frávísunarkrafa stefnda er einungis til umfjöllunar í úrskurði þessum. Er sú krafa annars vegar reist á því að sakarefnið heyrir ekki undir Félagsdóm og hins vegar að kröfugerð stefnanda sé ekki dómtæk og fullnægi ekki áskilnaði 25. gr. laga nr. 91/1991.
- 30 Samkvæmt 3. tölulið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna dæmir Félagsdómur í málum sem rísa milli samningsaðila um ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Krafa stefnanda um viðurkenningu á því að Sveitarfélaginu Árborg hafi verið óheimilt að gera tvo ráðningarsamninga við A um hlutastörf, annars vegar í starf grunnskólakennara og hins vegar í starf náms- og starfsráðgjafa, styðst samkvæmt stefnu málsins við þau rök að tilgreind ákvæði kjarasamningsins setji stjórnunarrétti vinnuveitandans skorður að því leyti. Er nánar tiltekið á því byggt að sú ráðningartilhögun fari gegn ákvæðum kjarasamningsins, eins og þau beri að skilja í ljósi þess sem þar segir og með hliðsjón af tilteknum ákvæðum laga nr. 10/2004 um starfsmenn í hlutastörfum. Sama á við um síðari kröfu stefnanda í málinu. Stefndi hefur mótmælt þeim skilningi sem stefnandi leggur í kjarasamninginn. Sakarefni málsins heyrir samkvæmt framansögðu undir Félagsdóm með vísan til 3. töluliðar 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.
- 31 Að mati réttarins er Félagsdómi unnt að leggja dóm á viðurkenningarkröfu stefnanda, enda telst hún nægilega skýr að efni til, þótt stefnda þyki réttaráhrif viðurkenningardóms um það efni óljós. Þá er kröfugerðin sett fram vegna ágreinings um réttarstöðu félagsmanns í stefnanda sem hefur lögvarða hagsmuni af úrlausn sakarefnisins. Að auki hefur stefnandi hagsmuni af því að fá leyst úr skilningi hans á inntaki

kjarasamnings og hann sé rétt efndur og túlkaður að hans áliti. Fer kröfugerðin því ekki í bága við 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

- 32 Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður frávísunarkröfu stefnda hafnað. Rétt þykir að ákvörðun málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins bíði efnisniðurstöðu málsins.

Úrskurðarorð:

Frávísunarkröfu stefnda, Sambands íslenskra sveitarfélaga, er hafnað

Ákvörðun málskostnaðar bíður efnisdóms.